

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

I. HLUTI

Félagaréttur (40% af heildarprófi)

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Félagaréttur (40%)
ATH. Prófið er þrískipt: Viðfangsefni úr fjármunarétti (40%), ábyrgðir (20%) og félagaréttur (40%).

Prófdagur: 31. október 2018 Kl.: 16:00-20:00

Próftími alls: 4 klst. Prófblöð vegna þessa hluta prófsins (þ.m.t. forsíða): 3

Leyfileg hjálpargögn: Lög og reglugerðir Fylgiblöð: Engin

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, eigi síðar en einni klukkustund eftir að próf hefst og eigi síðar en einni klukkustund áður en prófi lýkur. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Prófið fer fram á tölvu og skal úrlausnum skilað á rafrænu formi í lok prófs.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

1. Krossar (12%)

Athugið eftirfarandi:

- (i) Hver kross vegur 1,0%.
- (ii) Dregið er frá 1,0% fyrir hvert rangt svar.
- (iii) Sé látið hjá líða að svara telst svarið hvorki rétt né rangt.
- (iv) Aðeins einn svarmöguleiki telst réttur.

1. Hlutfélag (hf.) getur verið í eigu tveggja einkahlutafélaga (ehf.).
 Rétt
 Rangt
2. Hugtakið firma merkir heiti tiltekins fyrirtækis sem stundar atvinnustarfsemi hvort sem það er rekið í nafni félags, t.d. hlutfélags eða sameignarfélags, eða í nafni einstaks manns. Firma hlutfélags er því nafn þess.
 Rétt
 Rangt
3. Samruna tveggja hlutfélaga (hf.) má miða 6 mánuði aftur í tímann, frá því að stjórn undirritar samrunaáætlun og fylgigögn hennar.
 Rétt
 Rangt
4. Eigin hlutir hlutfélags og hlutir, sem dótturfélag á í móðurfélagi, njóta ekki atkvæðisréttar.
 Rétt
 Rangt
5. Hluthafar í einkahlutfélagi mega aldrei vera færri en tveir.
 Rétt
 Rangt
6. Stofnendur hlutfélags skulu undirrita skriflegan stofnsamning (stofnskrá) nema tilgangur félagsins sé einungis kaup á hlutabréfum.
 Rétt
 Rangt
7. Framkvæmdastjóri í hlutfélagi (hf.) situr stjórnarfundum félagsins nema stjórn ákveði annað.
 Rétt
 Rangt
8. Stjórn hlutfélags (hf.) er heimilt að setja það skilyrði fyrir arðsgreiðslu til hluthafa í hlutfélaginu (hf.) að móttakandi arðsgreiðslu hafi samþykkt ársreikning félags á aðalfundi.
 Rétt
 Rangt
9. Aðeins félagsmenn eru kjörgengir í stjórn samvinnufélags.
 Rétt
 Rangt
10. Hlutfélagi er heimilt að veðsetja hlutfjárloforð, þ.e. kröfu hlutfélagsins á hendur áskrifanda hlutfjár um greiðslu hlutfjár.
 Rétt
 Rangt
11. Stjórnarmaður hlutfélags getur hvenær sem er sagt starfa sínum lausum.
 Rétt

Rangt

12. Ef stjórn móðurfélags veitir formanni stjórnar heimild til að rita firma dótturfélags er móðurfélagið með því að gangast í ábyrgð fyrir dótturfélagið (in solidum) svo sem í aðdraganda nauðasamninga dótturfélagsins.

Rétt

Rangt

II. Ritgerð (28%)

1. Fjallið um hvernig ábyrgð félagsmanna er háttáð á skuldbindingum í eftirfarandi félagsformum (10%).
 - a. Sameignarfélag
 - b. Samlagsfélag
 - c. Samvinnufélag
 - d. Einkahlutafélag
 - e. Hlutafélag
2. Fjallið um minnihlutavernd félagaréttar. (10%).
3. Fjallið um og skýrið 104. gr. laga um hlutafélög (hf). (8%).